

# TILLAGA

## **áð breytingum á samþykktum fyrir Byr sparísjóð. Lögð fram á fundi stofnfjáreigenda hinn 15. janúar 2010**

Í júlí síðastliðnum tóku gildi lög nr. 76/2009 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Með þessum lögum voru gerðar umtalsverðar breytingar á VIII. kafla laganna, en í honum er að finna sérákvæði laganna um sparísjóði. Í sumum tilvikum er um grundvallarbreytingar að ræða en aðrar eru minniháttar. Hins vegar eiga þær það flestar sameiginlegt að vera teknar upp í samþykktir Byrs sparísjóðs, með einum eða öðrum hætti. Nauðsynlegt er því að laga samþykktirnar að nýju og breyttu lagaumhverfi sparísjóðsins. Yfirferð samþykktanna nú hefur einnig leitt í ljós þörf á nokkrum leiðréttingum og tilfærslum, til að gera þær skýrari og aðgengilegri. Því eru hér gerðar eftitaldar tillögur um breytingar á samþykktunum:

1. Með 4. gr. laga nr. 76/2009 var gerð breyting á 61. gr. laga nr. 161/2002. Efnisákvæði þeirrar greinar eru síðan tekin upp í 3. gr. samþykktanna. Með breytingunni er því slegið föstu að sparísjóðir séu sjálfseignastofnanir. Ekki er því lengur gert ráð fyrir því í lögum að unnt verði að stofna hlutafélagasparísjóð né heldur að breyta sparísjóði, sem er sjálfseignastofnun, í hlutafélag. Í þessari grein er einnig mælt fyrir um það að sparísjóðir skuli skilgreina í samþykktum sínum samfélagslegt hlutverk sitt. Er tillaga hér sett fram um þessa skilgreiningu í nýrri málsgrein sem verður 2. mgr. 3. gr.

### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Sparísjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hlutverk hans er að stunda sparísjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.“

### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Sparísjóðurinn er sjálfseignastofnun og starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hlutverk hans er að stunda sparísjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.“

Sparísjóðurinn leggur áherslu á uppbyggingu þess samfélags sem hann starfar í, m.a. með stuðningi við íþrótt- og æskulýðsstarf, líknarmál og menningarviðburði auk annars sem orðið getur til að efla og göfga mannlífið á starfssvæði hans.“

2. Í 1. mgr. 4. gr. gildandi samþykktar segir að sparísjóðurinn hafi verið stofnaður 11. nóvember 1961. Í ljósi þess að Byr samanstendur af fjórum sameinuðum sparísjóðum, sem sumir eiga sér mun lengri sögu, þykir stjórn rétt að fella þetta út enda ekki þörf á að greina stofndag í samþykktum. Í 2. mgr. er gerð tillaga um að samþykktirnar geri ráð fyrir að stofnfé geti tekið breytingum, bæði til lækkunar og hækkunar. Er þetta í samræmi við nýtt ákvæði í lögnum sem mælir fyrir um skilyrði þess að stofnfé sé lækkað.

### **Greinarnar hljóðar nú svo:**

„Sparísjóðurinn tók til starfa 11.11. 1961 eða fyrir gildistöku laga nr. 43/1993. Um hann gilda því ákvæði 77. gr. laga nr. 161/2002 um lágmark stofnfjár.“

Stofnfé sparísjóðsins er að lágmarki kr. 216.339.841.- og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Stofnfé getur tekið hækkunum í samræmi við heimild í 3. mgr. 11. gr. samþykktanna.“

### **Eftir breytinguna hljóða þær þannig:**

„Sparísjóðurinn tók til starfa fyrir gildistöku laga nr. 43/1993. Um hann gilda því ákvæði 77. gr. laga nr. 161/2002 um lágmark stofnfjár.“

Stofnfé sparísjóðsins er að lágmarki kr. 216.339.841.- og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Stofnfé getur tekið

breytingum í samræmi við heimild í 3. mgr. 11. gr. samþykktanna.“

3. Í 4. mgr. 4. gr. samþykktanna eru ákvæði í staflíðum a, b, c og d er varða málsmeðferð við hækkun stofnfjár. Hluti þessara reglna er endurtekin í VI. kafla samþykktanna. Er gerð tillaga um að fella þessi ákvæði alveg út úr II. kafla samþykktanna og setja þessar reglur heildstætt fram í IV. kafla.
4. Í lögnum hefur verið sérstakt ákvæði sem takmarkar hámarksatkvæðavægi hvers einstaks stofnfjáreiganda í sparísjóðnum við 5% af heildaratkvæðamagni í sjóðnum. Þessi sérregla var felld út með lögum nr. 76/2009. Ákvörðunin um að breyta lögnum að þessu leyti byggðist á álitni ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, sem taldi að takmörkun þessi færi í bága við ákvæði samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Tekið skal fram að bæði íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar innanlands mótmæltu þessari afstöðu ESA harðlega. Eftir sem áður er sparísjóðum heimilt, á grundvelli laga um hlutafélög, að takmarka atkvæðavægi við tiltekið hlutfall. Þar sem um sérreglu var að ræða sem er ólík því sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki, leggur stjórn Byrs til að ákvæði þetta verði fellt út úr 5. gr. samþykktanna.

### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Ekki eru sett takmörk á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparísjóðnum hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé.“

Atkvæðisréttur fylgir ekki þeim stofnfjárhlutum sem sparísjóðurinn kann að eiga sjálfur og skulu þau dregin frá þegar miða skal við heildaratkvæðamagn í samþykktum þessum. Allir stofnfjárhlutir eru að öðru leyti jafnir.“

### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Ekki eru sett takmörk á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda.“

Atkvæðisréttur fylgir ekki þeim stofnfjárhlutum sem sparísjóðurinn kann að eiga sjálfur og skulu þau dregin frá þegar miða skal við heildaratkvæðamagn í samþykktum þessum. Allir stofnfjárhlutir eru að öðru leyti jafnir.“

5. Í 6. gr. laga nr. 76/2009 segir að sparísjóðsstjórn skuli gefa út stofnfjárbréf. Gerð er tillaga um að 7. gr. samþykktanna verði aðlöguð þessari breytingu. Jafnframt fellur e liður 2. mgr. 7. gr. niður þar sem greinar 64 og 65 í lögum nr. 161/2002 hafa verið felldar út. F liður verður þá e liður.

### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Sparísjóðurinn skal gefa út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparísjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur.“

Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparísjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

- a) Heiti sparísjóðsins og heimilisfang,
- b) númer og fjárhæð hlutar,
- c) nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
- d) útgáfudag stofnfjárbréfs,
- e) efni 64. og 65. gr. laga nr. 161/2002,
- f) sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Heimilt er að gefa stofnfjárbréf út rafrænt í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997. Stofnfjáreigendur fá þá rafréfi útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning stofnfjáreiganda þau réttindi sem samþykktir þessar og lög mæla fyrir um.“

### Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Sparisjósstjórn skal gefa út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur.

Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

- Heiti sparisjóðsins og heimilisfang,
- númer og fjárhæð hlutar,
- nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
- útgáfudag stofnfjárbréfs,
- sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreiganda.

Heimilt er að gefa stofnfjárbréf út rafrænt í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997. Stofnfjáreigendur fá þá rafréfið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning stofnfjáreiganda þau réttindi sem samþykktir þessar og lög mæla fyrir um.“

- Í sömu lagagrein er kveðið á um að stjórn sparisjóðsins skuli færa skrá yfir stofnfjáreigendur og að hún skuli aðgengileg öllum. Lagt er til að 8. gr. samþykktanna verði aðlöguð lögnum að þessu leyti.

### Greinin hljóðar nú svo:

„Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur sparisjóðsins. Í skránni skal tilgreina nafn stofnfjáreiganda, heimilisfang og kennitölu ásamt stofnfjáreign hans. Verði eigendaskipti á stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykta þessara eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna. Skrána skal ætíð geyma á skrifstofu sparisjóðsins og eiga allir stofnfjáreigendur aðgang að henni.“

### Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Stjórn sparisjóðsins skal færa skrá yfir stofnfjáreigendur sparisjóðsins og skal hún aðgengileg öllum. Í skránni skal tilgreina nafn stofnfjáreiganda, heimilisfang og kennitölu ásamt stofnfjáreign hans. Verði eigendaskipti á stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykta þessara eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna. Skrána skal ætíð geyma á skrifstofu sparisjóðsins.“

- Í 8. gr. laga nr. 76/2009 er kveðið upp úr með það að framsöl og önnur ráðstöfun stofnfjárhlutar skuli vera heimil án takmarkana. Jafnframt er takmörkunum á veðsetningu stofnfjárbréfa aflétt. Þá öðlast eigendaskipti að stofnfé gildi þegar breytingin hefur verið færð inn á stofnfjárskrá. Gerð er tillaga um að 9. gr. samþykktanna verði aðlöguð þessu.

### Greinin hljóðar nú svo:

„Sala, eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóðnum, er óheimil, nema með samþykki sparisjósstjórnar og skal hún taka afstöðu til beiðni þar um innan tveggja mánaða frá því hún berst. Telji sparisjósstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóðnum sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, skal stjórnin hafna samþykki framsals þar til samþykki Fjármálaeftirlitsins er fengið. Nú leiðir framsal stofnfjárhlutar, eða aukning stofnfjár til þess að einstakur stofnfjáraðili eða stofnfjáreigandi og aðili sem hann er í nánnum tengslum við í skilningi 18. gr. laga nr. 161/2002, eignist eða fari með virkan eignarhlut og skal þá stjórn sparisjóðsins ekki samþykkja framsal eða aukin kaup stofnfjár nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 70. gr.

Veðsetning stofnfjárhluta í sparisjóðnum er heimil að tilskildu samþykki stjórnar sparisjóðsins.

Eigendaskipti að stofnfjárhlutum öðlast ekki gildi gagnvart sparisjóðnum fyrr en að fengnu samþykki stjórnar og verði heimild til rafrænnar eignarskráningar nýtt, er einnig tilskilið að stjórn hafi hlutast til um skráningu eigendaskiptanna í verðbréfamiðstöð.“

### Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Framsál og önnur ráðstöfun stofnfjárhlutar í sparisjóðnum er heimil án takmarkana, sbr. þó ákvæði VI. kafla laga nr. 161/2002. Sparisjóðurinn setur sér reglur um viðskipti með stofnfé.

Veðsetning stofnfjárhluta í sparisjóðnum er heimil án takmarkana.

Eigendaskipti að stofnfjárhlutum öðlast gildi þegar stjórn sparisjóðsins hefur fært breytinguna inn á stofnfjárskrána.“

- Eins og fyrr segir var 64. gr. laga nr. 161/2002 felld út með nýju lögnum. Lagt er til að 2. mgr. 10. gr. samþykktanna verði færð til samræmis við það.

### Greinin hljóðar nú svo:

„Sparisjóðurinn má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist hann meira af stofnfénu vegna ákvæða 65. gr. laga nr. 161/2002 skal það selt þannig að lögmætu marki sé náð innan þriggja mánaða.“

### Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Sparisjóðurinn má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist hann meira af stofnfénu skal það selt þannig að lögmætu marki sé náð innan þriggja mánaða.“

- Með lögum nr. 76/2009 kom til sögunnar nýtt ákvæði um lækkan stofnfjár og hvernig að henni skyldi standa. Skýrari reglur voru einnig settar um ráðstöfun hagnaðar. Það er tillaga stjórnar að reglur um breytingar á stofnfé og ráðstöfun hagnaðar skuli hafðar saman í IV. kafla samþykktanna.

Ellefta greinin fjallar um aukningu stofnfjár. Í 2. mgr. er sú viðbót að í fundarboði þar sem fjalla skal um aukningu stofnfjár, á að tiltaka heildarfjöldi hluta, nafnverð hluta og útboðsgengi, greiðslukjör ef einhver eru, áskriftartíma og áskriftarrétt. Leiðir þessi viðbót beinlínis af ákvæðum 8. gr. laga nr. 76/2009 sem breytti 66. gr. laga nr. 161/2002 að þessu leyti.

Í 3. mgr. er ákvæði sem leiðir af 68. gr. laga 161/2002 eftir breytingu, þar sem segir að auka megi stofnfé með ráðstöfun hagnaðar. Kemur þetta ákvæði í stað reglna um endurmat stofnfjár.

Í 4. mgr. er nýtt ákvæði sem kveður á um að lágmarksverð nýrra stofnfjárhluta skuli vera jafnhátt nafnverði stofnfjárhluta. Leiðir þessi regla af ákvæðum 66. gr. laga nr. 161/2002 eins og hún hljóðar nú.

### Greinin hljóðar nú svo:

„Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnféð umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. með áskrift nýrra stofnfjárhluta, eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum þessum.

Í fundarboði skal greina frá tillögu stjórnar um aukninguna og tillögu um hvernig að henni skuli staðið. Með tillögunni skal leggja fram skýrslu stjórnar um fjárhagslega stöðu sparisjóðsins og breytingar á henni frá síðasta ársreikningi. Umsögn endurskoðanda sparisjóðsins skal fylgja skýrslunni.

Enn fremur er heimilt að auka stofnfé umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. með endurmati á stofnfé, sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002, sem og ráðstöfun hluta hagnaðar sbr. 2. tölul. 68. gr. sömu laga sbr. 4. mgr. 20. gr. þessara samþykta.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 66. gr. laga nr. 161/2002.“

### Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnféð með áskrift nýrra stofnfjárhluta, eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum þessum.

Í fundarboði skal greina frá tillögu stjórnar um aukninguna og tillögu um hvernig að henni skuli staðið, þ.m.t. um heildarfjölda

hluta, nafnverð hluta og útboðsgengi, greiðslukjör, ef einhver eru, áskriftartíma og áskriftarrétt. Með tillögunni skal leggja fram skýrslu stjórnar um fjárhagslega stöðu sparisjóðsins og breytingar á henni frá síðasta ársreikningi. Umsögn endurskoðanda sparisjóðsins skal fylgja skýrslunni.

Ennfremur er heimilt að auka stofnfé með ráðstöfun hluta hagnaðar í samræmi við heimild 1. mgr. 68. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 15. gr. samþykktu þessa.

Lágmarksverð nýrra stofnfjárhluta skal vera jafnhátt nafnverði stofnfjárhluta í sparisjóðnum, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 161/2002.“

10. Í 12. gr. samþykktanna er fjallað um áskrift að stofnfé og forgangsrétt stofnfjáreigenda. Gerð er tillaga um það að í 1. mgr. verði tekin heimild til þess fyrir stofnfjáreigendur að ákveða það að forgangsrétturinn gildi ekki í tiltekinni aukningu. Til slíkrar ákvörðunar þarf sama fjölda atkvæða og þarf til þess að breyta samþykktunum. Í 12. gr. er síðan gerð tillaga um að verði færðar reglur sem áður voru í 4. gr. samþykktanna eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

#### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Við aukningu stofnfjár skulu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína sbr. 5. gr.“

#### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Við aukningu stofnfjár skulu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína sbr. 5. gr., nema fundur stofnfjáreigenda hafi ákveðið annað með sama fjölda atkvæða og þarf til breytinga á samþykktum þessum.

Að því marki sem stofnfjáreigendur ekki nýta sér áskriftarrétt sinn að hækkunaráfanga gengur hann að tiltölu til þeirra stofnfjáreigenda sem hann vilja nýta. Að þeim frágengnum hefur stjórn heimild til að selja nýjum stofnfjáreigendum það sem þá enn kann að vera óselt.

Um atkvæðisrétt nýrra hluta fer skv. ákvæðum 5. gr. samþykktu þessa.“

11. Tillaga er gerð um að nýtt ákvæði sem kom í lög með 9. gr. laga nr. 76/2009 og fjallar um lækkuð stofnfjár. Slíkt ákvæði hefur hvorki verið í lögum né í samþykktum sparisjóðsins. Greinin skýrir sig nokkuð sjálf en til að slíkt ákvæðið sé gild þarf hún að vera studd jafn mörgum atkvæðum og þarf til að breyta samþykktunum. 8. gr. laga nr. 76/2009 er kveðið uppúr með það að framsöl og önnur ráðstöfun stofnfjárhlutar skuli vera heimil án takmarkana. Jafnframt er takmörkunum á veðsetningu stofnfjárbréfa aflétt. Þá öðlast eigendaskipti að stofnfé gildi þegar breytingin hefur verið færð inn á stofnfjárskrá. Gerð er tillaga um að 9. gr. samþykktanna verði aðlöguð þessu.

#### **Greinin hljóðar svo:**

„Að tillögu stjórnar sparisjóðsins getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið að lækka stofnfé sjóðsins til jöfnunar taps, sem ekki verður jafnað á annan hátt. Um tillöguna, kynningu fyrir stofnfjáreigendum, fundarboð og boðunarfrest, fer eftir ákvæðum 67. gr. laga nr. 161/2002. Til þess að tillaga um lækkuð stofnfjár nái fram að ganga þarf fundur stofnfjáreigenda að samþykkja hana með sama fjölda atkvæða og þarf til breytinga á samþykktum þessum.“

12. Með 10. gr. laga nr. 76/2009 var gerð umtalsverð breyting á 68. gr. laga nr. 161/2002 er varðar ráðstöfun hagnaðar. Meginbreytingin er sú að aðalfundur getur heimilað stjórn að ráðstafa allt að helmingi hagnaðar hans, annað hvort til hækkunar á nafnverði stofnfjár í sjóðnum eða til arðgreiðslu. Er í lögnum síðan áreitt að ekki sé heimilt að ráðstafa hagnaði með þessum hætti nema óráðstafað eigið fé sé í sjóðnum.

#### **Greinin hljóðar svo:**

„Aðalfundur sparisjóðsins getur heimilað stjórn hans að ráðstafa allt að 50% hagnaðar hans til hækkunar á nafnverði stofnfjár í

sjóðnum og arðgreiðslu til stofnfjáreigenda. Með hagnaði samkvæmt þessari grein er átt við hagnað eftir skatta samkvæmt samþykktum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár. Aðalfundurinn má ekki ákveða að úthluta meiri arði en stjórn sparisjóðsins leggur til, sbr. 68. gr. laga nr. 161/2002. Heimild til ráðstöfunar hagnaðar með þessum hætti er því aðeins fyrir hendi að um óráðstafað eigið fé sé að ræða í sparisjóðnum.“

13. Númeraröð í samþykktunum breytist vegna tveggja nýrra greina í IV. kafla. Sextánda grein verður því númer 18. Tillaga er gerð um að í opinberum auglýsingum um stofnfjárfundi verði tiltekinn sá frestur sem stofnfjáradilar hafa til þess að koma málum á dagskrá fundarins. Er þetta gert af gefnu tilefni en það hefur ítrekað komið upp að stofnfjáradilar sendi slík erindi inn of seint, vegna vanþekkingar sinnar á þeim tímafrestum sem gilda.

#### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Sparisjóðsstjórn annast boðun funda stofnfjáreigenda sparisjóðsins. Boða skal til fundanna bréflaga með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á fundi stofnfjáreigenda. Ef taka á til meðferðar tillögu um breytingar á samþykktum sparisjóðsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Hver stofnfjáreigandi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundum stofnfjáreigenda, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar eigi síðar en 15 dögum fyrir aðalfund svo að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins. Tilkynningu um dagsetningu fundar stofnfjáreigenda skal birta í dagblaði eigi síðar en 20 dögum fyrir fundinn.“

#### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Sparisjóðsstjórn annast boðun funda stofnfjáreigenda sparisjóðsins. Boða skal til fundanna bréflaga með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á fundi stofnfjáreigenda. Ef taka á til meðferðar tillögu um breytingar á samþykktum sparisjóðsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Eigi síðar en 20 dögum fyrir fund stofnfjáreigenda skal sparisjóðsstjórn láta birta opinberlega tilkynningu um dagsetningu fundarins og um þann frest sem stofnfjáreigendur hafa til þess að koma málum á dagskrá fundarins.

Hver stofnfjáreigandi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundum stofnfjáreigenda, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar eigi síðar en 15 dögum fyrir fund svo að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.“

14. Eins og fyrr segir voru með lögum nr. 76/2009 felldar brott nokkrar sérreglur sem eingöngu giltu um sparisjóði. Þar á meðal voru reglurnar um 5% hámarks atkvæðavægi og reglurnar um umboð á stofnfjáreigendafundum. Tillaga hefur verið gerð um að fella niður 5% takmörkunina og rök færð fyrir því hér að framan. Þá leggur stjórnin til að samþykktunum verði breytt á þá vegu að umboðsmenn þurfi ekki að vera úr hópi stofnfjáreigenda og takmörkun verði ekki gerð á því hve marga stofnfjáreigendur umboðsmaður getur farið með umboð fyrir.

#### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Nú er fundur ekki lögmaður og skal þá boða fund að nýju með sama hætti og segir í 16. gr. innan eins mánaðar, en þess jafnframt getið að fundurinn sem boðað var til áður hafi reynst ólögmaður, og er nú fundurinn lögmaður, sé löglega til hans boðað.

Stofnfjáreiganda er heimilt að fela öðrum umboð til að fara með rétt sinn á fundi stofnfjáreigenda. Umboðið er heimilt að afturkalla hvenær sem er. Umboðsmaður, sem vera skal úr hópi stofnfjáreigenda, skal leggja fram skriflega, dagsetta og vottfesta yfirlýsingu frá stofnfjáreiganda, um umboð sitt. Umboðsmanni er óheimilt að fara með umboð fyrir fleiri en tvo stofnfjáreigendur, enda fari sameiginlegur atkvæðisréttur er hann fer með ekki fram úr 5% af heildar atkvæðamagni í sparisjóðnum sbr. 1. mgr. 5. gr. Sama umboð gildir aðeins fyrir einn fund.“

### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Nú er fundur ekki lögmatúr og skal þá boða fund að nýju með sama hætti og segir í 16. gr. innan eins mánaðar, en þess jafnframt getið að fundurinn sem boðað var til áður hafi reynst ólögmatúr, og er nú fundurinn lögmatúr, sé löglega til hans boðað.“

Stofnfjäreiganda er heimilt að fela öðrum umboð til að fara með rétt sinn á fundi stofnfjäreigenda. Umboðið er heimilt að afturkalla hvenær sem er. Umboðsmaður skal leggja fram skriflega, dagsetta og vottfesta yfirlýsingu frá stofnfjäreiganda, um umboð sitt. Sama umboð gildir aðeins fyrir einn fund.“

15. Í grein 20, sem áður var nr. 18, er gerð tillaga um að fella brott staflíð c sem vísat til endurmats stofnfjár. Leiðir þetta beinlínis af þeim breytingum sem felast í nýju lögnum varðandi ráðstöfun hagnaðar.

### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Aðalfundur sparísjósins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert og eftirfarandi mál þá tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar um starfsemi sparísjósins síðastliðið starfsár,
- b) endurskoðaðir reikningar sparísjósins fyrir síðastliðið reikningsár er hafi m.a. að geyma tillögu sparísjósstjórnar um ráðstöfun hagnaðar, sbr. 68. gr. laga nr. 161/2002,
- c) ákvörðun um endurmat stofnfjár sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002.,
- d) ákvörðun um greiðslu arðs sbr. 68. gr. laga nr. 161/2002
- e) tillögur um breytingar á samþykktum sparísjósins, ef borist hafa,
- f) kosning sparísjósstjórnar, sbr. 23. gr.,
- g) kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags, sbr. 36. gr.,
- h) ákvörðun um þóknun til stjórnar, að fengnum tillögum sparísjósstjórnar sbr. 27gr.
- i) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum nr. 161/2002 eða sparísjósstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.“

### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Aðalfundur sparísjósins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert og eftirfarandi mál þá tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar um starfsemi sparísjósins síðastliðið starfsár,
- b) endurskoðaðir reikningar sparísjósins fyrir síðastliðið reikningsár er hafi m.a. að geyma tillögu sparísjósstjórnar um ráðstöfun hagnaðar, sbr. 68. gr. laga nr. 161/2002,
- c) ákvörðun um greiðslu arðs sbr. 68. gr. laga nr. 161/2002
- d) tillögur um breytingar á samþykktum sparísjósins, ef borist hafa,
- e) kosning sparísjósstjórnar, sbr. 23. gr.,
- f) kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags, sbr. 36. gr.,
- g) ákvörðun um þóknun til stjórnar, að fengnum tillögum sparísjósstjórnar sbr. 27gr.
- h) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum nr. 161/2002 eða sparísjósstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.“

16. Ein þeirra sérreglna sem féll brott með nýju lögnum var sú takmörkun að sparísjóðir gætu einungis sameinast öðrum sparísjóðum. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 76/2009, sem breytti 106. gr. laga nr. 161/2002 að þessu leyti, segir að heimilt sé að sameina sparísjóði öðrum fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi. Gerð er tillaga um breytingu á samþykktunum að þessu leyti en reglan kemur fram í 3. mgr. 22. gr., áður 20. gr.

### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Tillögur um breytingar á samþykktum þessum, tillaga um slit sparísjósins eða samruna hans við aðra sparísjóði verða aðeins teknar til meðferðar á fundi stofnfjäreigenda og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykktar á þeim, enda taki stofnfjäreigendur, er ráða a.m.k. 2/3 hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, þátt í atkvæðagreiðslunni.“

### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Tillögur um breytingar á samþykktum þessum, tillaga um slit sparísjósins eða samruna hans við annað fjármálafyrirtæki verða aðeins teknar til meðferðar á fundi stofnfjäreigenda og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykktar á þeim, enda taki stofnfjäreigendur, er ráða a.m.k. 2/3 hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, þátt í atkvæðagreiðslunni.“

17. Önnur sérregla um sparísjóðina laut að stjórn og skipan hennar. Sú regla er fallin brott og því gilda aðrar reglur laga nr. 161/2002 um skipan stjórnar í sparísjóði. Samkvæmt 51. gr. þeirra laga á að kjósa fimm stjórnarmenn í sparísjóði og jafn marga til vara. Eftirfarandi tillögur um breytingar á 25. gr. samþykktanna byggja á þessu. Gert er ráð fyrir hlutfallskosningu sem aðalreglu.

### **Greinin hljóðar nú svo:**

„Stjórn sparísjósins skipa fimm menn og tveir til vara, kjörnir af stofnfjäreigendum. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. másl. 2. mgr. 66.gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002.“

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðaldunar. Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna það skriflega til sparísjósstjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Til að atkvæði sé gilt þarf stofnfjäreigandi að krossa við nöfn fimm frambjóðenda til stjórnarsetu og tveggja til vara.

Við kjör stjórnar skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum fimm einstaklinga til setu í stjórn og tveggja til vara. Beita skal meirihlutakosningu nema að ósk berist um það frá stofnfjäreiganda að beitt verði hlutfallskosningu. Þarf óskinn að berast skriflega til sparísjósstjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Framkvæmd kosninganna fer að öðru leyti eftir ákvæðum 63. gr. og 63. gr.a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Stjórnarmenn og endurskoðandi mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra innlánsstofnana né vera starfsmenn þeirra, nema þeir séu fulltrúar sparísjósins í slíkri stjórn sbr. reglur stjórnar skv. 2. mgr. 54. gr laga nr. 161/2002.“

### **Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:**

„Stjórn sparísjósins skipa fimm menn og fimm til vara, kjörnir af stofnfjäreigendum. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. másl. 2. mgr. 66.gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002.“

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar. Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna það skriflega til sparísjósstjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Við kjör stjórnar skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum allt að tíu einstaklinga. Beita skal hlutfallskosningu sbr. b. lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ef að listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna í stjórn, verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

Framkvæmd kosninganna fer að öðru leyti eftir ákvæðum 63. gr. og 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.“

18. Áður er gerð grein fyrir því að lög heimila nú að sparísjóðir geti sameinast öðrum fjármálafyrirtækjum. Því er gerð tillaga um að felld verði niður 2. mgr. 41. gr. þar sem sagði að einungis væri heimilt að sameina sparísjóðinn öðrum sparísjóðum.

Ný grein kemur inn í samþykktirnar nr. 42 þar sem vísað er um heimildir til sameiningar til 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

### **Greinin hljóðar svo:**

„Um heimildir til þess að sameina sparísjóðinn öðru fjármálafyrirtæki fer eftir ákvæðum 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.“